

Mál nr. 487/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Fjárhæð tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 20. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. janúar 2026, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila lýtur að fjárhæð bóta vegna tjóns á bifreið M. V hefur viðurkennt bótaskyldu og greitt M bætur að fjárhæð 384.000 kr. á þeim grundvelli að um altjón hafi verið að ræða og að bætur skuli miðast við markaðsverðmæti bifreiðarinnar á tjónsdegi að frádregnu andvirði hennar í skemmdu ástandi. M byggir á því að verðmæti bifreiðarinnar á tjónsdegi hafi verið vanmetið. Hann vísar til verðmata sem hann aflaði frá löggiltum bifreiðasölum, þar sem söluandvirði bifreiðarinnar er metið á bilinu 800.000–1.200.000 kr. annars vegar og allt að 1.500.000 kr. hins vegar, auk þess sem í einu matinu er gert ráð fyrir lægra verði fyrir lakara eintak. M telur bifreiðina hafa verið í góðu ástandi fyrir tjón og byggir jafnframt á því að miða eigi við hærra enduröflunarverð.

V byggir á því að viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar hafi verið verulega umfram markaðsverðmæti hennar og að því hafi verið um altjón að ræða. Félagið vísar til mats sem það aflaði frá starfandi bifreiðasölum, þar sem söluandvirði bifreiðarinnar á tjónsdegi er metið á bilinu 300.000–400.000 kr. annars vegar og 400.000–600.000 kr. hins vegar. V byggir á því að andvirði bifreiðarinnar í skemmdu ástandi hafi verið að lágmarki 200.000–300.000 kr. og að greiddar bætur endurspegli því fullt fjártjón M að teknu tilliti til þess að bifreiðin var ekki keypt út úr tjóninu.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að verðmöt V gefi ekki rétta mynd af ástandi bifreiðarinnar fyrir tjón og vísar til ljósmynda og frekari gagna því til stuðnings. Hann telur að V hafi ekki tekið fullt tillit til þeirra gagna við mat sitt.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að framlagðar ljósmyndir M gefi rétta mynd af ástandi bifreiðarinnar á tjónsdegi og byggir félagið á því að þær sýni bifreiðina í betra ástandi en raun bar vitni. V vísar til ljósmynda sem teknar voru við tjónamat og ítrekar að greiðsla félagsins endurspegli fullt fjártjón M.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M hafi sýnt fram á að fjárhæð tjóns hans vegna altjóns á bifreið hafi verið hærri en þær bætur sem V hefur þegar greitt. Fyrir liggur að báðir aðilar hafa lagt fram verðmöt frá bifreiðasölum um markaðsverðmæti bifreiðarinnar á tjónsdegi, þar sem verulegur munur er á niðurstöðum. Þá liggur einnig fyrir að V aflaði mats á andvirði bifreiðarinnar í skemmdu ástandi (flakverðmæti), sem var metið á bilinu 200.000–300.000 kr. Samkvæmt 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt, sé ekki um annað samið. Í skaðabótarétti felur þetta í sér að tjónþoli skuli vera eins settur fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki orðið. Þegar um altjón á ökutæki er að ræða miðast bætur við markaðsverðmæti hlutarins á tjónsdegi að frádregnu andvirði hans í skemmdu ástandi, enda haldi tjónþoli hinu skemmda ökutæki. Með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir verður ekki annað séð en að uppgjör V hafi byggst á þessum sjónarmiðum, enda hefur M fengið greiddar bætur að fjárhæð kr. 384.000, sem að teknu tilliti til flakverðmætis bifreiðarinnar, nema kr. 584.000 – 684.000. Svára þær bætur til hæsta verðmats sem V aflaði frá bifreiðasölum. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir umfangi tjóns síns og leggi fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. V hefur gert athugasemdir við þau verðmöt sem M aflaði á þeirri forsendu að bifreiðasölum hafi verið sendar ljósmyndir sem ekki endurspegli raunverulegt ástand bifreiðarinnar á tjónsdegi, meðal annars þar sem ryðskemmdir sjáist ekki á þeim myndum en komi fram á ljósmyndum sem V lagði fram. Að

virtum gögnum málsins telur nefndin að vera kunnari að þær ljósmyndir sem M lagði til grundvallar verðmötum sem hann aflaði hafi ekki gefið rétta mynd af ástandi bifreiðarinnar á tjónsdegi, en það er sá dagur sem miða ber verðmæti hennar við. Þá hefur M ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að flakverðmæti bifreiðarinnar hafi verið lægra en það sem V miðaði við í uppgjöri sínu, né heldur önnur sjálfstæð og hlutlaus gögn, svo sem matsgerð dómkvaddis matsmanns, sem styðja kröfu hans um hærra markaðsverðmæti. Með vísan til framangreinds verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að tjón hans hafi verið meira en þær bætur sem V hefur þegar greitt. M verður því að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem fyrir liggur í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir